

Reykjanesbær – ávarp á 17. júní 2022.

Kæru bæjarbúar.

Í ár hlotnaðist mér sá heiður að ávarpa ykkur á Þjóðhátíðardaginn, fyrir það þakka ég í einlægni.

Nú um stundir lifum við í hverfulum og um margt ógnvekjandi heimi. Óvægin, mannvond, líf- og náttúruveyðandi styrjöld geisar í Evrópu, mannfall svo tugþúsundum skiptir, lýðræðinu ógnað, breytt heimsmynd blasir við. Hundruð þúsunda kvenna, karlanna og barna, mörg hver ein á báti eru á vergangi, hafa neyðst til að flýja heimkynni sín og leita verndar hjá vinveittum þjóðum. Íslendingar hafa nú þegar tekið á móti um og yfir eittþúsund flóttamönnum frá Úkraínu til viðbótar þeim sem áður flúðu til Íslands frá öðrum stríðshrjáðum löndum þar sem ríkir mann- og líffyrirlitning. Í nafni Krists bið ég þess í einlægni að eitt og sérhvert okkar leggi sig í líma við, að á kærleiksríkan hátt taka vel á móti þjökuðum og hrjáðum bræðrum og systurum og þá sérstaklega foreldralausum börnum. Ég er þess fullviss að samhent, kærleiksrík og velviljuð bæjarstjórn okkar mun gera það sem í hennar valdi stendur til að greiða götu flóttamannanna og fara í kærleika mildum og græðandi höndum um þá sem til okkar leita óháð því hvaðan þeir koma, hvert litaraft þeirra sé og hvaða trú þeir aðhyllast.

Þegar þjóðfáninn okkar stóri, sá stærsti á Íslandi er dreginn að húni ár hvert verð ég klökkur og fyllist miklu þakklæti yfir því að vera Íslendingur. Merking fánans og stærð hans fangar alltaf huga minn. Himinn, haf, ís, eldur og kristin gildi lands og samfélags birtast mér í leiftri lífgefandi ljóss. Í huganum undirstrikar stærð fánans sterkt hversu óendanlega þakklát við megum vera að búa á Íslandi, landi þar sem ríkir lýðræði, fjölmiðlafrelsi og við laus við mann- og lífeyðandi stríð.

Til viðbótar við ógnvekjandi stríð og ofbeldi sem maðurinn hefur um langt skeið átt við að glíma stendur hann nú frammi fyrir stærstu ógn af áður óþekktri stærðargráðu sem steðjar að lífinu hér á jörð. Eitt mannkyn, ein heilög jörð sem okkur er treyst fyrir. Móðir

jörð, sem er lifandi vera er nú illa særð eftir rányrkju mannsins í langan tíma.

Hvert sem lítið er í náttúrunni blasa við okkur vitsmunaleg ferli. Gróðurinn veit þegar frjó og fræ eru fullþroska og hvenær hann á að losa sig við afkvæmi sín svo lífið haldi áfram. Fræ vita hvort þau hafa lent í frjóum jarðvegi eða lífvana jarðvegi. Falli afkvæmin í frjóan jarðveg vita þau nákvæmlega hvenær þau eiga að spíra og hefja sitt líf til að bera sinn ávöxt svo lífið haldi áfram. Náttúran býr yfir stórkostlegum vitsmunum, hún er líf vitsmuna eins konar eilíft vitsmunalíf í sinni fallegustu guðlegu mynd. Fjöll, ár og lækir, jarðvegur með sínum örverum og æðri lífsformum, skógur og hvers kyns gróður er allt í senn birtingarmynd undursamlegra vitsmuna sem dýrin og maðurinn eru órjúfanlegur hluti af. Fjölbreytileikinn er mikill og hver staður jarðar hefur sín einkenni. Lífið og framhald þess er háð heildinni og fjölbreytileikanum, því er mikilvægt og brýnt að skerða ekki um of vitsmunatengsl lífs, láðs og lagar.

Sameiginlegt öllum mönnum, náttúrunni og í reynd öllu lífi er að fást við sífelldar breytingar, undan þessu verður ekki vikist.

Þetta beinir huga okkar að jarðskjálftunum, jarðhræringunum og eldgosinu í Fagradalsfjalli. Margt bendir til þess að Reykjanesskaginn sé kominn í gosham m.a. segir sagan okkur það. Mældir hafa verið og við fundið óþyrmilega fyrir tugum sterkra skjálfta að styrk um og yfir þrjá á Rikter skala. Auk þessara stóru skjálfta hafa mörg þúsund smærri skjálfta mælst og jörð hefur lyfts í grennd við Þorbjörn vegna funheitrar kviku að neðan sem þrengir sér inn í jarðlögin á um 4-5 km dýpi. Örvæntingafullar spurningar vakna og eðlilega sækir að okkur ótti. Vestmannaeyjagosið kemur upp í hugann, við veltum fyrir okkur verstu möguleikum, hvar verður næsta eldgos er mögulegt að hraunrennsli geti ógnað Grindavíkurbær og mannvirkjunum í Svartsengi sem sjá okkur fyrir hreinu fersku grunnvatni, heitu vatni og rafmagni. Allt eru þetta eðlilegar mannlegar tilfinningaþrungnar spurningar. Svar við þessum spurningum hef ég ekki en er rólegur og bjartsýnn. Almannavarnir landsins eru öflugar og hafa á að skipa öflugum hópi flinkra jarðvísindamanna sem hafa lært mikið af gosinu í

Fagradalsfjalli. Margar sviðsmyndir hafa verið dregnar upp og öflugar og ítarlegar viðbragsáætlaðir verið gerðar annars vegar ætlaðar til að forða fólki og koma því í skjól og hins vegar til að vernda og bægja eyðingarhættunni frá byggðu bóli og varmaverinu í Svartsengi. Að því marki sem unnt er erum við vel undirbúin því versta, því óttast ég ekki. Fátt er svo með öllu illt að ei boði nokkuð gott. Uppsöfnuð kvika og skjálftarnir auka svo um munar vinnanlegan orkuforða á svæðinu til nota fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Til skamms og langs tíma litið er framtíðin björt. Jarðhitinn og grunnvatnið í hraununum eru dýrmætar, fallegar og lífsnauðsynlegar auðlindir sem skaginn er ríkur af. Okkur sem búum á svæðinu er treyst fyrir jarðlindunum og þær ber okkur að nýta af skynsemi og á faglegan og sjálfbæran hátt.

Vitsmunaveran maðurinn er gerður úr um fimmtíu trilljón mismunandi frumum hvert með sitt hlutverk. Undursamlegt er að hver einstök fruma mannsins er gædd vitsmunum sem m.a. birtist í því að hún skynjar næsta umhverfi sitt og tekur sjálf ákvörðun um á hvern hátt hún bregst við áreiti úr nærumhverfi sínu. Maðurinn er ekki einungis frumur hann er hugarlíkami (bodymind).

Tæknivæðingin hefur að verulegu leiti slitið andleg tengsl okkar við náttúruna við „tölum ekki lengur saman“. Þetta greinir nútímamanninn frá frumbyggjunum sem lifðu í nánum tengslum við náttúruna þ.e.a.s. jörð, gróður, vatn og veðurfar. Við höfum misst hæfileikann til að tengjast náttúrunni andlega og höfum gert okkur að konungi yfir henni og tekið okkur vald til að ráðskast með hana að vild. Við hlustum ekki lengur á náttúruna, lesum hana ekki, við lifum á henni en ekki í henni eins og frumbyggjarnir gerðu. Raunveruleikinn er ekki sjálfgefinn, hann er möguleiki sem við sköpum og stjórnnum. Nútímasamfélög hafa því miður ekki þjálfað okkur í því að skapa raunsæjan og þroskaðan raunveruleika. Þess í stað er mannum kennt að virða stöðu sína í samfélaginu og því erum við eins konar fangar ríkjandi raunveruleika.

Jörðin þeysist um í alheimi, sem þenst út á ógnarhraða er umlukin vitsmunum sem hvarvetna býr í alheimi. Manninum ber að gefa

gaum að og leitast við að skilja vitsmuni veraldar og tileinka sér þá annars náum við ekki að lifa í náttúrunni eins og okkur var ætlað í upphafi.

Fæðingarstaður og staðurinn þar sem menn og dýr ólust upp, á sérstakan og ógleymanlegan stað í huga manna og dýra, við erum gjörn á að leita Heim. Þessi hegðun verður vart skýrð nema með sérstökum andlegum tengslum sem tengir menn og dýr við anda náttúru heimahaganna. Það er því ekki að undra að mönnum svíði það sárt þegar heimahagarnir eru allir eða að hluta teknir undir umfangsmikil mannvirki og andleg tengsl manns og náttúru þar með verulega skert. Helgidóm heimahaganna ber því að umgangast með varúð og af virðingu.

Nú um stundir eru umhverfismál, umhverfisvernd þar með talin fyrirferðamikil í stjórnámálum um alla jörð. Þessi tímanna tákn eru skiljanleg því jörðin hefur nú um langt skeið ekki verið í jafn slæmu ástandi og hún er nú, á þessu verður að verða breyting. Tekist er á um heilbrigði og fjölbreytileika náttúru jarðar og nýtingu auðlinda hennar í viðskiptalegum tilgangi. Nú er brýnna en áður að sætta mismunandi sjónarmið og nægir hér t.d. að nefna það inngríp í íslenska náttúru sem óumflýjanleg orkuskipti til úrlausnar hnattrænum heilbrigðis- og loftslagsvanda nútímans krefjast. Ísland er í þessu tilliti ekki einangrað eyland.

Með iðnvæðingunni breyttist margt ekki einungis að orkuþörfin ykist hröðum skrefum ár frá ári heldur fylgdu henni hugarfarsbreyting og miklir fólksflutningar til borga og þéttbýliskjarna sem fyrir voru og nýrra sem mynduðust. Maðurinn leitaði í auknar tekjur, aukna veraldlega velmegun og aukna þjónustu. Borgir og þéttbýli sem einkenndust öðru fremur af sívaxandi iðnaði þöndust út sem leiddi til stór aukinnar eftirspurnar eftir svartri kolefnisorku. Lifandi tengsl við náttúruna rofnuðu. Fátt bendir til þess að þessari þróun sé að linna.

Með tölvubyltingunni hófst nýr kafli í orkusögu mannsins. Veraldarvefurinn, farsímarnir og allur annar tölvubúnaður útheimtir mikla raforku sem er hrein viðbót við þá stigvaxandi orkuþörf sem var áður en tölvubyltingin hófst. Ekki verður aftur snúið því nútíma

samfélög verða ekki rekin án tölvubúnaðar. Þessi orkuþörf eykst nú um stundir ár frá ári og mun gera það langt fram í tímann.

Stór hluti jarðarbúa hefur ekki aðgang að nýtanlegri orku í formi rafmagns sem í flestum tilvikum leiðir m.a. til þess að almennur aðgangur þessara jarðarbúa að hreinu vatni er ekki til staðar. Þessir jarðarbúar eiga siðferðislega kröfu til þess að eiga aðgang að vistvænu rafmagni og hreinu vatni svo líf skjör þeirra séu mannsæmandi.

Augljóst er að orkuþörf jarðarbúa mun aukast verulega til lengri tíma litið. Augljós og réttmæt krafa er uppi um að stærsti hluti orkunnar verður að vera vistvænn því hugsa verður til heilbrigði náttúru, dýra og manna. Jarðvarminn sem í jörðinni býr er í eðli sínu vistvænn og sé varfærni beitt er hann endurnýjanlegur, því er eðlilegt að hann sé nýttur. Brýnt er að við framtíðarvirkjun orkulinda verði komið á verklagi sem sátt er um, virði rétt náttúrunnar og verndi hana eins og kostur er með því m.a. að grípa til viðeigandi mótvægisaðgerða og að inngríp í hana verði sem minnst og á hennar eigin forsendum.

Samfara stóraukinni orkuvæðingu í heiminum og aukinni velmegun hins vestræna heims hefur orkusóun og sóun hvers kyns afurða veraldlegra gæða aukist gríðarlega og er ekki annað að sjá en að þessi þróun haldi áfram. Sóunin er afleit og óásættanleg því hún virðir ekki eðli og forsendur náttúrunnar, skaðar hana og skapar mannum rangan raunveruleika. Í úrgangi geta hins vegar falist mikil verðmæti sé rétt á málum haldið, því hann getur verið og er dýrmætt hráefni sem aukið getur velmegun og vellíðan mannsins og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum sé hann nýttur á sjálfbæran hátt. Til að stemma stigu við sóuninni með því m.a. að hagnýta úrganginn verður breytt hugarfar að koma til. Afdráttarlaust markmið er *samfélag án úrgangs/sóunar*. Beita verður öllum tiltækum ráðum og nýjustu og bestu fánlegu tækni til að nýta til fullnustu og á vistvænan hátt alla strauma sem frá orkuvinnslu og iðnaði kemur svo náttúran verði fyrir sem minnstum neikvæðum áhrifum.

Um allan heim er það skoðun manna nú að umhverfisvandinn verði ekki leystur nema orkuvinnsla, iðnaður og samfélög tileinki sér sjálfbæran rekstur/starfsemi og að starfsemi alls iðnaðar fylgi lögmálum hringrásarhagkerfisins. Með þessum hætti er leytast við að nota sem minnst af auðlindum, þær unnar á sem hagkvæmastan og sjálfbæran hátt og dregið verði úr sóun með því að nýta úrgang og endurnýta slitna hluti sem mest. Til gamans má geta þess að Hitaveita Suðurnesja nú HS Orka hefur nánast frá upphafi starfað með sjálfbærni og hringrásaraðferðir að leiðarljósi og það löngu áður en þessi hugtök urðu til og viðurkennd.

Í heiminum eru nú um 7,8 milljarðar manna og spáð er að þeir verði um 10 milljarðar árið 2050. Þeir 2 milljarðar sem bætast við fram til 2050 þarf með einhverju móti að brauðfæða. Framundan eru því ærin fjölbreytt og flókin verkefni sem æskan og næstu kynslóðir fá til úrlausnar. Breytt hugarfar og hröð tækniþróun á öllum sviðum kemur hér til hjálpar.

Tímanna tákn er að um allan heim og ekki hvað síst á Íslandi rísa nú iðngarðar, iðnaðarklasar og margs konar sprotastarfsemi sem starfa í anda sjálfbærni og hagkefis hringrásar. Sprotafyrirtæki ungs fólks spretta upp nánast daglega, frumkvöðlaraðstefnur með þátttöku fjárfesta eru reglulegir og tíðir viðburðir þar sem ungt hugmyndaríkt og vel menntað fólk er áberandi og svo mætti lengi telja. Góð dæmi um vistvæna iðngarða og klasastarf eru: Sjávarklasinn, Auðlindagarður HS Orku, iðngarðurinn á Hellisheiði, nýstofnaður iðnaðarvettvangur á Grundartanga o.fl. Ekki hvað síst gleður það mig að Reykjanesbær stendur nú að stofnun vistvænnar og sjálfbærrar iðnaðarstarfsemi í Helguvík.

Við hjónin eigum þrjú börn sem öll hafa gengið í skóla í Reykjanesbæ. Við eigum þrjú barnabörn sem ganga nú í skólana okkar. Hvað sem aðrir segja eru skólarnir góðir og hafa á að skipa góðum og samviskusömum kennurum. Heilum huga þakka ég kennurunum fyrir faglega og góða kennslu minna barna og barnabarna. Menntun er undirstaða velgengni og farsældar einstaklinganna og samfélags okkar. Ég á þá ósk heita að samstarf heimilis eða öllu heldur foreldra og skóla eflist til muna frá því sem

nú er því breyttir tímar og aðsteðjandi fæðu- umhverfis- og loftslagsvandi krefst þess.

Satt reynist að heimili og skóli eru eitt.

Að þessu sögðu velti ég fyrir mér í ljósi orku-, fæðu- og umhverfisvanda í heiminum sem krefst skjótra og nýstárlegra lausna og kröfunnar um aukna sjálfbærni hvort ekki sé nauðsynlegt og skynsamlegt nú að leggja aukna og sérstaka áherslu á sjálfbærnikennslu, frumkvöðlakennslu, frumkvöðlaþjálfun og stofnun og rekstur sprotafyrirtækja á öllum stigum skólakerfisins. Eindregið hvet ég bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar í samtali við skólayfirvöld að ræða þetta, því málið er brýnt í ljósi aðstæðna. Farsælt væri ef málið kæmist einnig inn á vettvang SSS. Við lifum í samkeppnisþjóðfélagi því væri æskilegt að við settum okkur það metnaðarfulla markmið að Reykjanesbær og Suðurnesin væru með öflugustu frumkvölastarfsemina í landinu og flest og fjölbreyttustu sprotafyrirtækin. Hvað þarf til, hvaða jarðvegur verður að vera til staðar svo þetta markmið náist?

Í Reykjanesbæ og á Suðurnesjum er hreint ótrúlega frjór og til þess að gera lítt snertur jarðvegur fyrir þverfaglega nýsköpun og sprotafyrirtæki. Upp í hugann koma m.a. sprotar tengdir fiskveiðum, fiskvinnslu, sjálfbæru fiskifóðri, ræktun alls kyns þörunga, vinnslu lífvirkra efna úr þörungum, lífrænum áburði, fæðuöflunartækni til að framleiða sjálfbæra fæðu fyrir fjöldann, læknisfræði, lyfjum, snyrtivörum, fræðsluferðamennsku, jarðvísindum, orkutækni, umhverfistækni, orkuskiptatækni á láði, legi og í lofti, fluginu og allri starfsemi sem því tengist, tölvu- og hubúnaðartækni og svo mætti lengi telja. Börnum og unga fólkinu okkar bíða fjölbreytt og lífgefandi verkefni sem heimurinn í örvæntingu kallar á. Þó í svipinn syrti að er framtíðin björt fyrir falleg hæfileikarík börnin okkar. Okkur sem eldri erum ber að miðla börnunum af reynslu okkar og jákvæðri framtíðarsýn, við verðum að temja okkur virka hlustun og að eiga uppbyggjandi samtal við börn og unglinga um framtíðarsýn þeirra og þann raunveruleika sem þau vilja sjá.

Ég sé fyrir mér að grunnskólinn og efri skólastig standi reglulega fyrir sjálbærni- og frumkvölaþingum nemenda og stuttum vinnustofum þeirra þar sem nemendur kynna hugmyndir sínar og greina frá þeim „sprotafyrirtækjum“ sem þeir hafa stofnað í skólanum. Mikilvægt er að nemendur hafi sameiginlegan vettvang þar sem þeir fá æfingaverkefni við hæfi, fái hugmyndir að lausnum og deili þeim hvert með öðru, allt undir stjórn faglegs leiðbeinanda. Frumkvöðlaskóli/frumkvöðlabúðir að sumri gæti verið íhugunarverður kostur.

Kæru þjóðhátíðargestir ég biðst velvirðingar á því hversu ávarpið er orðið langt og e.t.v. ekki þjóðhátíðarlegt.

Í kærleika.

Gleðilega þjóðhátíð, göngum hægt um gleðinnar dyr.

Albert Albertsson